
Framleiðsluaukning á eldi regnbogasilungs í allt að 1.100 tonna ársframleiðslu í Önundarfirði á vegum Dýrfisks hf.

Á grundvelli framlagðra gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað sjókvíaeldi Dýrfisks hf. sem gerir ráð fyrir allt að 1.100 tonna ársframleiðslu kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Byggir sú niðurstaða sérstaklega á neðangreindu viðmiði í 3. viðauka laga um mati á umhverfisáhrifum:

- Eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til: Hugsanlegra sammögnunaráhrifa með öðru fiskeldi í Önundarfirði varðandi sjúkdómahættu, auk úrgangsmýndunar sem hefur áhrif á burðargetu (sbr. 1. tl. ii. og iv. 3. viðauka).

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. september 2014.



Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 14. febrúar 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Dýrfiski hf. um fyrirhugaða aukningu á eldi á regnbogasilungs í sjókvíum í Önundarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu-siglingasvið og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 2. apríl 2014, Fiskistofu með bréfi dags. 10. mars 2014, Hafrannsóknastofnun með bréfum dags. 20. janúar 2014 og 5. júní 2014, Matvælastofnun með bréfi dags. 27. febrúar 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 10. mars 2014, Samgöngustofu-siglingasviði með bréfi dags. 6. mars 2014 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 21. mars 2014 og 3. apríl 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Dýrfiski hf. með bréfum dags. 14. mars 2014, 26. mars 2014 og 14. júlí 2014.

Upphafleg tilkynning Dýrfisks gerði ráð fyrir allt að 2.000 tonna ársframleiðslu, en þann 19. maí 2014 tilkynnti framkvæmdaraðili um breytingu á fyrirhugaðri framkvæmd til að bregðast við umsögnum sem fram höfðu komið. Dýrfiskur tilkynnti að framleiðsla yrði allt að 1.100 tonn á ári í stað 2.000 tonna.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Dýrfiskur hf. fyrirhugar aukningu á eldi regnbogasilungs í sjókvíum í Önundarfirði, utan við Kálfeyri. Fyrir hefur Dýrfiskur hf. starfs- og rekstrarleyfi fyrir 200 tonna framleiðslu á þessu svæði.

Fram kemur að fyrirhugað er að koma fyrir 10 eldiskvíum á um 100 hektara svæði (1500x650 m) og slátra allt að 1.100 tonnum á hverju ári. Ráðgert er að setja í eldiskvíar allt að 300 þúsund seiði á ári. Seiðin verða alin í landeldisstöð fyrirtækisins í Tálknafirði og í framhaldi af því alin í sjókvíum í 18 mánuði áður en slátrun hefst. Hámarksframleiðsla á ársgrundvelli verður 1.100 tonn.

Fram kemur að sérhver eldiskví verður með 25 þúsund rúmmetra eldispoka og þéttleiki fisks í eldiskvíunum að jafnaði undir 10 kg á hvern rúmmetra eldisrým. Fram kemur að eldiskvíar verða staðsettar í tveimur röðum með fimm kvíum í hvorri röð þvert á straumstefnu en í heildina verði kvíarnar festar í eina þyrpingu í kerfisfestingu, 200-400 metra frá landi þar sem sjávardýpi er 20-25 m. Eldiskvíar eru útbúnar með bestu fánlegri tækni, svokölluðu „liftup“ kerfi til að taka upp dauðan fisk, sem lágmarkar að úrgagnsefni berist í sjó. Ekki verða notuð gróðurhamlandi efni á netpokana sem geta haft neikvæð umhverfisáhrif. Til að verjast ásætu á netpokana verður notuð sérstök háþrýstipvottavél sem heldur þeim hreinum.

Fram kemur að til framleiðslu seiða verði flutt inn til landsins hrogn frá Danmörku, sem samræmist stöðlum um lífræna framleiðslu. Seiðin verða alin í 100 gramma stærð í landeldisstöð fyrirtækisins í Norður Botni í Tálknafirði og flutt þaðan á svæðið með sérútbúnum brunnskipum. Seiðin verða sett að vori í sjókvíar og alin þar og í 18 mánuði. Fiskurinn nái að jafnaði yfir 3 kg meðalþyngd eftir 18 mánaða eldistíma. Vöxtur er byggður á reynslutölum undanfarin 4 ár í Dýrafirði. Slátrun mun standa yfir í allt að 12 mánuði og verða lokið 30 mánuðum eftir að seiðin fara í sjó.

Fram kemur að við slátrun verði fiskinum dælt í sérútbúinn bát, þar verði fiskurinn blóðgaður og kældur um borð. Til að fyrirbyggja hugsanlegar smitleiðir verði þess gætt að ekkert blóðvatn fari í sjóinn á eldissvæðinu. Siglt verði með sláturfisk til Flateyrar þar sem fram fari slæging, flökun og þökkun, í vinnsluhúsi Arctic Odda ehf.

Fram kemur að lífrænt vottað fóður verði í fyrstu keypt frá verksmiðju Skretting í Bretlandi en í framtíðinni sennilega frá Fóðurverksmiðjunni Laxá hf. á Akureyri. Við eldiskvíar verði komið fyrir fóðurpramma, þaðan sem fóðrinu verði blásið gegnum slöngur út í eldiskvíar. Fóður verði flutt frá Ísafjarðar- eða Súðavíkurhöfn í fóðurpramma með þjónustubát fyrirtækisins.

Fram kemur að samtals hefur verið úthlutað leyfum til að framleiða 1.000 tonn af eldisfiski í Önundarfirði og þar af eru Dýrfiskur og Actic Oddi handhafar leyfa fyrir 400 tonna eldi. Fyrirtækið ÍS47 hefur tilkynnt um stækkun á fiskeldi sínu (þorski og regnbogasilungi) í 1.200 tonn.

Fram kemur að útreikningar á burðarþoli Önundarfjarðar til fiskeldis liggja ekki fyrir. Flatarmál Önundarfjarðar er um 50 ferkílómetrar og samkvæmt LENKA viðtakamati má gera ráð fyrir að fjörðurinn þoli a.m.k. 2.250 tonna eldi á ári. Í því sambandi má benda á að LENKA viðtakamatið var þróað fyrir um 30 árum síðan en forsendur um úrgangsefni frá fiskeldi hafa breyst mikið síðan.

Fram kemur að ekki liggi fyrir heildarúttekt eða skráning á þeirri nýtingu sem fram fer í Önundarfirði en sveitarfélög á Vestfjörðum hyggjast skrá nýtingu í öllum fjörðum fjórðungsins á næstu misserum í nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða. Þessi vinna er farin af stað í Önundarfirði.

Fram kemur að á árinu 2012 var framkvæmd straummæling af Náttúrustofu Vestfjarða fyrir Dýrfisk hf. í Önundarfirði en ekki tókst að ná marktækum niðurstöðum. Straummælingar voru endurteknaðar í lok árs 2013 og stóðu mælingar yfir í rúmar 6 vikur. Dýpið er 23 m og var mælirinn hafður u.þ.b. 10 m frá botni. Mælirinn var lagður út tvisvar sinnum og mældi hann straum í u.þ.b. þrjár vikur í hvort skipti, 20. september til 10. október og 28. nóvember til 20. desember. Meðalstraumur yfir fyrri tímabilið var 8,3 cm/sek og mesti straumhraði mældist 31,6 cm/sek. Flestar mælingar eru á bilinu 6-10 cm/sek. Framskrið sjávar var 4,3 cm/sek eða 3,7 km á sólarhring í ASA átt. Á seinna mælingartímabilinu, 28. nóvember til 20. desember 2013, var meðalstraumur 12,0 cm/sek. Mesti straumhraði mældist 51,8 cm/sek. Flestar voru mælingar á bilinu 6-15 cm/sek. Framskrið sjávar var 3 cm/sek eða 2,6 km á sólarhring í suðurátt.

Lagskipting og blöndun. Fram kemur að Önundarfjörður er grunnur fjörður og opinn á móti úthafinu. Enginn þröskuldur er í firðinum og gera má ráð fyrir að blöndun sjávar sé mikil og hröð. Til að að kanna það var farið í mælingar á lagskiptingu fjarðarins í samstarfi við Hafrannsóknastofnun. Niðurstöður í rannsókn á súrefnisinnihaldi í september 2013, þegar mestar líkur eru á niðursveiflu súrefnis, eftir lífræna framleiðslu sumarsins, sýna að það er yfir 5 ml/L og súrefnismettun sjávar mælist yfir 85% á flestum stöðvum. Súrefnismettun mældist lægst í fjarðarborninum, um 79%, og við Kálfeyri er metnun súrefnis um 81%. Seltustig sjávar mældist lægst við sjávaryfirborð enda eru ferskvatnsáhrif mest þar. Norðanvert í firðinum, við Kálfeyri, mældist bæði hitastig og sjávarselta lægri en á öðrum mælistöðum. Það bendir til að útstreymi yfirborðssjávar sér norðanmegin í firðinum.

Áhrif á botngerð og lífríki á botni. Fram kemur að fjarlægð frá botni eldisnótarinnar að sjávarbotni verði 5 til 10 m og minnst verði 50 metrar á milli kvía og þannig stuðlað að því að botndýralífi verði sem minnst raskað á svæði milli eldiskvía.

Fram kemur að botndýrarannsóknir voru gerðar í firðinum 2011 (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012a, Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2013). Hlutfall burstaormstegunda/ætta var mismundandi á milli stöðva en það má líklega skýra að hluta út frá mismundandi setgerð. Lítið fannst af skeldýrum á tveim stöðvum, þegar tekið er mið að því sem fannst á öðrum stöðvum í firðinum árið 2011 (Þorleifur Eiríksson o.fl. 2012a, Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson 2013). Hvort hér er um að ræða breytileika milli einstakra stöðva eða að almennt sé minna af skeldýrum á þessu svæði, norðan megin í firðinum, er ekki vitað.

Fisksjúkdómar. Fram kemur að ætla megi að aukinn lífmassi á svæðinu muni auka líkur á því að sjúkdómar valdi tjóni og því mun ráðleggingum dýralækna verða fylgt í hvívetna varðandi heilbrigðisstjórnun og framkvæmd eldisins. Sjúkdómasmit er þekkt í sjókvíaeldi, en laxalús getur smitast frá villtum laxi í sjó eða frá öðrum laxeldisstöðvum. Regnbogasilungur virðist minna móttækilegur fyrir smiti á laxalús og almennt er vandamálið minna hjá þessari tegund en laxi. Ráðgert er að gera reglulega talningar á lús til að meta mögulega hættu á að hún nái að fjölga sér. Unnið verður náið í samráði við dýralækni fisksjúkdóma við skipulag smitvarna.

Áhrif á laxfiska. Fram kemur að regnbogasilungur getur ekki lifað og fjölgað sér í íslenskri náttúru. Náttúruleg heimkynni regnbogasilungs eru í Norður-Ameríku, þar sem árhastig er mun hærra en hér á landi. Regnbogasilungur þroskar hrognin því seint að vetri og hrygnir snemma vors. Hrognin klekjast út síðsumars eða að hausti og seiðin lifa ekki af komandi vetur. Sem dæmi þá þekktist ekki að regnbogasilungur hafi myndað náttúrulegan stofn í landinu, þrátt fyrir að eldi á þessari tegund hafi verið stundað hér á landi í meira en hálfa öld.

Hættur. Fram kemur að eldissvæði eru talin góð m.t.t. flestra þeirra áhættuþátta sem hrjáð hafa íslenskt sjókvíaelði, þ.e. ölduhæð, rekis, þörungur, hitastig, ofgnótt síldar og marglyttu. Selalátur eru ekki í næsta nágrenni og lítil hætta er talin á tjóni vegna sela eða annarra sjávarspendýra. Ekki er vitað til þess að síld eða aðrir uppsjávarfiskar hafi haft viðkomu í Önundarfirði í miklum mæli og skapað hættu á lágu súrefni.

Fram kemur að lagnaðarís er sennilega mesta náttúruvæn á eldissvæðunum. Mikið ferskvatn rennur í Önundarfjörð og í miklum kuldum og stillum seinnipart vetrar getur myndast ís á yfirborðinu sem getur valdið tjóni á eldisbúnaði. Þetta vandamál er þekkt í eldi víða erlendis og þróaðar hafa verið aðferðir til að koma í veg fyrir tjón af völdum lagnaðar- og rekiss, t.d. með því að sökkva kvíum. Hitamælingar í Önundarfirði sýna að hætta á undirkælingu að vetri til er mjög lítil. Til að varna tjóni vegna undirkælingar verða sett stór silungsseiði í kvíar á vorin og þess gætt að silungurinn hafi náð minnst 700 g áður en vetur gengur í garð. Eldispokar verða hafðir eins djúpir og hægt er til að fiskur komist undan öldu í slæmum veðrum og jafnframt verður þéttleiki eldisfisks lítill. Djúpar nætur og lítill þéttleiki er einnig mikilvægur til að varna tjóni ef þörungablómi verður í firðinum.

Fram kemur að eldissvæðið er varið fyrir veðri og vindum og því er talin lítil hætta á tjóni á búnaði í verstu veðrum. Frágangur og styrkleiki búnaðar í sjó lágmarkar tjón vegna veðurs. Öldufar í Önundarfirði er undir áhrifum frá veðri og vindum. Nýlega var lokið við greiningu á öldurfari í Önundarfirði m.t.t. fiskeldis (Ingunn E. Jónsdóttir, Sigurður Sigurðarson & Fannar Gíslason, 2013). Sjálfvirk veðurstöð á Flateyri sýnir að Önundarfjörður er vel varin fyrir vindum og helst að vindur nái sér upp í norð-austan og austanáttum. Í yfir 92% tilfella er vindstyrkur undir 10 m/s. Í öldufarsskýrslunni má einnig sjá að að eldissvæðið við Kálfaeyri er ágætlega varið fyrir öldu úr öllum vindáttum. Mesta alda verður í norðan og suðvestan áttum en verður þó ekki yfir 2 metrum.

Áhrif á minjar. Fram kemur að engin friðlönd, náttúruvætti eða önnur friðuð svæði eru á fyrirhugðu eldissvæði. Holtsengi og Vöð ásamt mýrlendi milli Þórustaða og óss Bjarnardalsárá eru skilgreind sem náttúruminjar en þau eru innan við fyrirhugað eldissvæði.

Áhrif á samfélag. Staðsetning eldissvæðisins er valin með tilliti til siglingarleiða og veiða. Dýrfiskur hf. hefur þá stefnu að taka þátt í uppbyggingu grunnþjónustu á svæðinu þar sem það starfar. Fyrirtækið kappkostar að kaupa þjónustu frá fyrirtækjum á svæðinu þegar því verður við komið.

Samlegðaráhrif. Fram kemur að fiskeldisfyrirtæki sem hyggjast stunda eldi á laxfiskum telja brýnt að skipulegt samráð sé milli eldisfyrirtækja og stjórnvalda um framkvæmd fiskeldis í sjókvíum. Seiðaútsetningar verða samræmdar á þessi svæði, hvort um sig, en slík aðferðarfræði mun draga verulega úr sjúkdómaáhættu. Dýrfiskur mun leggja sig fram um að hafa samráð um nýtingu fjarðarins, enda má gera ráð fyrir samlegðaráhrifum m.t.t. þjónustu og umhverfisáhrifa.

Vöktun, eftirlit og mótvægisáðgerðir. Fram kemur að Dýrfiskur hefur gert samstarfsamning við Náttúrustofu Vestfjarða um vöktun á umhverfi í sínu eldi og mun einnig gera slíkan samning fyrir eldið í Önundarfirði. Fylgst verður með botninum undir eldiskvíunum og við þær, með sýnatöku og myndatökum eftir atvikum, til að mæla uppsöfnun og dreifingu úrgangsefna. Einnig verður fylgst með öðrum umhverfisþáttum eins og væntanlegt starfsleyfi mun kveða á um. Sett verður af stað rannsóknaverkefni þar sem fylgst verður með uppsöfnun úrgangs undir kvíþyrpingum allt frá því að eldið hefst þar til búið er að slátra öllum fiski úr eldiseiningunni. Ef fram koma neikvæð áhrif á lífríki, umfram það sem hér hefur verið lýst, eða ef upp koma sjúkdómar og aðrir þættir sem raska rekstrarumhverfi er mögulegt að grípa til margvíslegra mótvægisáðgerða við framkvæmd

silungseldisins. Meðal annars er mögulegt að draga úr framleiðslu, færa kvíar til innan afmarkaðra eldissvæða, eða hætta eldi á einstökum svæðum í lengri tíma ef ástæða þykir til.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í umsögnum Ísafjarðarbæjarbæjar, Fiskistofu, Matvælastofnunar og Minjastofnunar að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ekki kemur fram afstaða til matsskyldu í umsögn og Samgöngustofu-siglingarviðs.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telji miður að enga stefnumörkun stjórnvalda er að finna um sjókvíaeldi í Ísafjarðardjúpi fremur en annarsstaðar. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur sig ekki hafa forsendur til að krefjast þess að fyrirhugað eldi sæti mati á umhverfisáhrifum m.t.t. 3. viðauka laga númer 106/2000. Þó sé mikilvægt í ljósi greinar 1.v. í 3. viðauka laganna, m.a. með tilliti til ofangreinds ágalla á íslenskri stjórnslu að því er varðar stefnumörkun á strandsvæðum utan netlaga, að gerð verði ítarleg grein fyrir áhrifum þeim sem eldið kann að hafa á hefðbundna nýtingu svæðisins s.s. fiskveiðar, rækjuveiðar og ýmsa hlunnindanýtingu og að haft verði samráð við þá nýtingaraðila um tilhögun eldisins.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að varðandi niðurstöður úr súrefnismælingum í greinagerðinni, þá komi á óvart hve lítið súrefni virðist vera á þessu svæði eða á milli 5 og 6 ml/L en það teljist afar lág gildi og jafngildir á bilinu 46 til 55% súrefnismettun sjávar. Ef þetta er raunin þá megi ætla að aðstæður til fiskeldis á svæðinu séu verulega skertar. Rétt sé að benda á að fyrirætlanir Dýrfisks og t.d. ÍS-47 ehf. geta ekki báðar komið löglega til framkvæmda þar sem fjarlægðin á milli staðsetninganna er alltof stutt samkvæmt 3. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 401/2012 þar sem kveðið er á um að "lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva samkvæmt meginviðmiði skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað". Samkvæmt tilkynningu sé fjarlægðin minni en 1 km.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi sé gert ráð fyrir 5 km fjarlægð milli fiskeldisstöðva. Gert ráð fyrir að eldissvæði Dýrfisks fyrir regnbogasilung sé í u.þ.b. 1 km fjarlægð frá eldissvæði ÍS47 sem ætlar að ala sömu tegund og sem Skipulagsstofnun hefur nýlega úrskurðað að þurfi ekki að fara í umhverfismat. Hafrannsóknarstofnun telur í ljósi fjarlægðarmarkna fyrirtækjanna ekki ráðlegt að leyfa svo stórt eldi laxfiska nærri öðru stóru, þ.e. ÍS47. Verði vikið frá þeirri fjarlægðarreglu sem reglugerð um fiskeldi kveður á um, telur Hafrannsóknarstofnun í ljósi stærðar samanlagðs eldis í firðinum rétt að eldi Dýrfisks sé háð umhverfismati vegna samlegðaráhrifa, enda vanti ýmsar mikilsverðar upplýsingar um fjörðinn, svo sem um vatnsskipti í honum og burðarþol hans. Ennfremur gerir Hafrannsóknarstofnun athugasemdir við tilkynningu Dýrfisks sem snúa magni núverandi og fyrirhugaðs eldis í Önundarfirði og straummælingum sem fram hafa farið og niðurstöðum þeirra.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Dýrfiskur bendir á að ÍS47 hefur aðeins starfs- og rekstrarleyfi til framleiðslu á 200 tonnum af þorski og regnbogasilungi í Önundarfirði. Einnig skal það áréttað að áætlanir Dýrfisks miða að því að ala einn árgang hverju sinni þriðja hvert ár sem þýðir að meðal framleiðsla yfir þriggja ára tímabil er 1120 tonn. Eldissvæðið fær síðan hvíld í að minnsta kosti 6 mánuði áður en eldi hefst að nýju með nýjan eldisárgang. Með þessu móti er dregið verulega úr sjúkdómaáhættu og þeirri tíðræddu mögulegu vá sem laxalúsir er. Með þessu eldisfyrirkomulagi gefst umhverfinu nægur tími milli kynslóða til að jafna sig að fullu.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að út frá vistfræðilegum sjónarmiðum telji Matvælastofnun að burðargeta Önundarfjarðar til fiskeldis geti með góðu móti rúmað það umfang eldis sem sótt er um. Samlegðaráhrif umræddra kvíaþyrpinga í fullri framleiðslu með kynslóðaskiptu eldi, auk þeirra rekstrarleyfa sem nú eru virk, ætti ekki að yfirskríða það þanþol sem vistkerfi Önundarfjarðar býður upp á út frá sjónarmiði smitsjúkdóma.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að fjallað sé um minjar í tilkynningu Dýrfisks hf. Því miður sé lítið til af gögnum því ekki hafi verið kannað hvort fornleifar finnast á hafsbotni á því svæði í

Önundarfirði þar sem fiskeldið er fyrirhugað. Fyrirhugað eldissvæði Dýrfisks er í sjó út af svæði þar sem áður voru verstöðvar, en eldissvæðin séu fyrirhuguð í 250 – 300 m frá landi, sem minnkar hættu á að fiskeldið raski minjum tengdum sjósókn á svæðinu. Þá er ljóst að fyrirhugað fiskeldi í Önundarfirði mun ekki valda beinu raski á botni fjarðarins undir eldiskvíunum nema hugsanlega þar sem komið verður fyrir festingum á botn

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram það mat að ef árleg framleiðsla í Önundarfirði verði ekki umfram 2.250 tonn sé ekki líklegt að umrædd framleiðsluaukning muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Hins vegar ef árleg framleiðsla í Önundarfirði verði meiri en áætlað burðarþol samkvæmt LENKA viðtakamati gæti fiskeldi í Önundarfirði haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og því háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila er bent á að starfs- og rekstrarleyfi til framleiðslu á þorski og regnbogasilungi í Önundarfirði eru samtals 800 tonn. Ef ekki verði tekið tillit til meðaltalsframleiðslu yfir þriggja ára tímabil þá telur framkvæmdaraðili að verið sé að hvetja til þess að stunda samfellt eldi án kynslóðaskiptingar. Dýrfiskur hf. eigi þá ekki annan kost en að fara í framleiðslu sem byggir á 1120 tonna framleiðslu á ári sem kæmi svipað út rekstrarlega en hefði í för með sér meiri sjúkdómaáhættu.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur mjög jákvætt að Dýrfiskur ætli að stunda kynslóðaskipt fiskeldi m. t. t. umhverfisáhrifa fiskeldis. Umhverfisstofnun bendir á eftirfarandi úr reglugerð nr. 785/1999, en þar segir:

„Í fylgiskjali 1, liðum 11 a-d, í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, kemur fram að flokkun reglugerðarinnar í eftirlitsflokka fer eftir ársframleiðslu og hvort viðtaki er ferskvatn eða sjór.“ Umhverfisstofnun bendir á að ef sótt verður um starfsleyfi fyrir 2.000 tonna framleiðslu þá mun fyrirtækið hafa leyfi til að framleiða það magn árlega. Þegar talað er um ársframleiðslu hefur Umhverfisstofnun litið svo á að átt sé við aukningu lífmassa hvert almanaksár.

Með hliðsjón af ofangreindu vill Umhverfisstofnun ítreka fyrri umsögn sína. Umhverfisstofnun telur rétt að miða mat sitt á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar við hámarks massa enda er það sá massi sem skapar mest álag á viðtaka.

Breyting á framkvæmd: Þann 19. maí 2014 tilkynnti framkvæmdaraðili um breytingu á fyrirhugaðri framkvæmd til að bregðast við umsögnum sem fram höfðu komið. Dýrfiskur tilkynnti að framleiðsla yrði 1.100 tonn á ári. Í stað þess að ala 900 þúsund seiði til sláturstærðar á þriggja ára fresti verði flutt á eldissvæðið um 300 þúsund seiði á ári og slátrað um 1.100 tonnum á hverju ári. Fóðurnotkun verði um 1.300 tonn á ári.

Í frekari umsögn Hafrannsóknarstofnunar um breytta framkvæmd kemur fram að ekki liggi fyrir burðarþolsmat fyrir Önundarfjörð og vitneskja um strauma og vatnsskipti sé ónóg. Í tilkynningu Dýrfisks ehf. á fyrri stigum málsins komi fram að skv. LENKA viðtakamati sem fyrirtækið gerði beri fjörðurinn 2.250 tonn af eldi. Samtals sé núna fyrirhugað að rækta 1.100 tonn af regnbogasilungi hjá Dýrfiski, 1.200 tonn hjá ÍS47 og 200 tonn hjá Sjávargæðum eða alls 2.500 tonn af tegundinni. Auk þess er um að ræða 200 til 400 tonna þorskeldi sem ÍS47 hefur leyfi fyrir. Alls er umfang fyrirhugaðs og leyfilegs eldis því allt að 2.900 tonn sem er talsvert meira en niðurstöður LENKA mats Dýrfisks gefa til kynna.

Hafrannsóknastofnun ítrekar frá fyrri umsögn tilvísun í ákvæði um fjarlægðarmörk um fiskeldi.

Hafrannsóknastofnun telur í ljósi fjarlægðarmarka ekki ráðlegt að leyfa svo stórt eldi laxfiska nærri öðru stóru eldi þ.e. eldi ÍS47. Að öðru leyti vísar Hafrannsóknastofnun í fyrri umsögn sína og athugasemdir frá 18. mars 2014.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að við mat á framleiðslumagni listi Hafrannsóknastofnunar upp 1.100 tonna framleiðslu hjá Dýrfiski, 1.200 tonna hjá ÍS47 og 200 tonn hjá Sjávargæðum eða samtals 2.500 tonn. Í tilkynningu ÍS47 frá því í október 2013 kemur hins vegar fram að ætlunin sé að slátra

900 tonnum á ári. Heildarslátrun sé því 2.200 tonn á ári en ekki 2.500 tonn eins og Hafró greinir frá í umsögn sinni. Það sé ljóst að þegar meta á umhverfisáhrif m.t.t. burðarþols þá eigi að horfa til losun úrgangsefna, en þau fari alfarið eftir fódurmagni sem tengist vaxtaraukningu, en ekki slátruðu magni og því þurfi að draga frá lífmassa seiða sem sett eru út í sjó á hverju ári sem lætur nærri að sé um 5% af slátruðu magni. Miðað við 2.200 tonna slátrun á regnbogasilungi á ári má reikna með að um 100 tonna lífmassa í seiðum og ætti því að meta umhverfisáhrif út frá 2.100 tonnum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða aukið sjókvíaeldi á regnbogasilungi, utan við Kálfeyri í Önundarfirði, á vegum fyrirtækisins Dýrfisks hf. úr 200 tonnum sem það hefur nú þegar leyfi fyrir, í allt að 1.100 tonn á ári.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna skal Skipulagsstofnun við ákvörðun um matskylduna fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lögin. Þessi viðmið eru eðli framkvæmdar, staðsetning hennar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar. Í viðaukanum er gerð grein fyrir sjónarmiðum sem ber að hafa í huga við beitingu hverju þessara viðmiða og hefur Skipulagsstofnun horft til þeirra í málinu.

Samlegðaráhrif. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt LENKA viðtakamatinu megi gera ráð fyrir að burðarþol Önundarfjarðar sé a.m.k. 2.250 tonna eldi á ári. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að við útgáfu starfsleyfa sé tekið mið af ársframleiðslu sem leyfið heimili. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að þegar lagðar eru fram tölur sem eiga að gefa til kynna áætlaða framleiðslu verði að horfa til árlegrar hámarksframleiðslu sem starfsleyfin munu veita.

Tilkynning Dýrfisks hf. í Önundarfirði felur í sér aukningu á eldi um 900 tonn á ári úr 200 tonnum í 1.100 tonna ársframleiðslu. Í firðinum er jafnframt fyrirhuguð 1.200 tonna framleiðsla hjá ÍS47 sem hafa þegar gildandi leyfi fyrir 200 tonna ársframleiðslu og að auki eru gildandi leyfi fyrir 200 tonna eldi á vegum Arctic Odda og 200 tonnum hjá Sjávargæðum eða samtals 2.700 tonn. Þegar litið er til mögulegra sammögnunaráhrifa fyrirhugaðrar aukningar á eldis Dýrfisks með öðrum framkvæmdum, þarf að horfa til þess hvernig ólíkar framkvæmdir geta haft áhrif á sama umhverfisþátt, þannig að áhrif leggist saman. Ljóst er því að horfa þarf til samlegðaráhrifa þessarar starfsemi með tilliti til burðarþols og sjúkdómahættu.

Burðarþol Önundarfjarðar. Samkvæmt framangreindu stefnir í með tilkomu fyrirhugaðs eldis Dýrfisks þá fari árleg framleiðsla í Önundarfirði yfir það viðmið sem greina má út frá LENKA viðtakamatinu. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að LENKA gefi varfærið mat á burðargetu fjarða þá þurfi að hafa í huga hve grunnur fjörðurinn er og hversu stutt getur orðið á milli eldissvæða á vegum fleiri en eins rekstaraðila, sem mun geta leitt til þess að erfiðleikar geta skapast í að hvíla svæði með sem bestum hætti. Því sé fullt tilefni sé að taka undir það mat Hafrannsóknarstofnunar að nauðsynlegt er að fram fari frekari straummælingar á fyrirhuguðu eldissvæði, enda vanti ýmsar mikilsverðar upplýsingar um fjörðinn, svo sem um vatnsskipti í honum og burðarþol hans. Einnig kemur fram það mat í umsögn Umhverfisstofnunar að ef árleg framleiðsla í Önundarfirði verði meiri en áætlað burðarþol samkvæmt LENKA viðtakamati gæti fiskeldi í Önundarfirði haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því háð mati á umhverfisáhrifum.

Sjúkdómar. Í umsögn Fiskistofu eru gerðar athugasemdir við fjarlægðir milli eldissvæða Dýrfisks og ÍS47 og bent á að fyrirhugaðar framkvæmdir geti ekki báðar komið löglega til framkvæmda þar sem fjarlægðin á milli staðsetninganna sé alltof stutt eða um 1 km. Skipulagsstofnun er ljóst að í 3. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 401/2012 er kveðið á um að lágmarksfjarlægð samkvæmt meginviðmiði skuli vera 5 km við útmörk eldissvæðis. Í umsögnum Fiskistofu til Skipulagsstofnunar í sambærilegu máli kom fram að leyfisveitandi hafi möguleika á að heimila styttri fjarlægðir ef aðstæður s.s. straumar og vatnsskipti gefi tilefni til. Skipulagsstofnun telur það áhyggjuefni hversu stuttar fjarlægðir eru fyrirhugaðar milli núverandi og fyrirhugaðra fiskeldissvæða Önundarfirði m.a. ef horft

er til hættu af fisksjúkdómum, en frekari gagnaöflun mun geta leitt í ljós hvernig best megi haga fjarlægð milli eldissvæða.

Niðurstaða

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Dýrfisks hf. við tilkynningu framkvæmdarinnar, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra.

Á grundvelli framlagðra gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugað sjókvíaeldi Dýrfisks hf. sem gerir ráð fyrir allt að 1.100 tonna ársframleiðslu kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum.

Byggir sú niðurstaða sérstaklega á neðangreindu viðmiði í 3. viðauka laga um mati á umhverfisáhrifum:

- Eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til: Hugsanlegra sammögnunaráhrifa með öðru fiskeldi í Önundarfirði varðandi sjúkdómahættu auk úrgangsmýndunar sem hefur áhrif á burðargetu og (sbr. 1. tl. ii. og iv. 3. viðauka). Í þessu sambandi vísast jafnframt til varúðarreglu umhverfisréttar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 30. september 2014.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson

Skipulagsstofnun